

Árskýrsla 2003 - 2004

Retrieverdeild HRFÍ

Skýrsla stjórnar 2003-2004

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 21.mars.2004 í Sólheimakoti

Aðalstjórn

Sígríður Bílddal

Sigurður Ben. Björnsson

Sigurður Magnússon

Varastjórn

Ástrós Gunnarsdóttir

Dagur Jónsson

Starfsnefnd

Guðjón Snær Steindórsson

Hávar Sigurjónsson

Ingólfur Guðmundsson

Ingólfur S. Jakobsson

Sigurður Benedikt Björnsson

Starfsemi

Á síðasta starfsári voru haldnir 7 stjórnarfundir. Stjórn sendi fulltrúa á 2 fulltrúaráðsfundi HRFÍ. Starfsnefnd hélt einnig nokkra fundi á árinu.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 8 pörunarbeiðnir á árinu (6 labrador, 2 golden) og var þeim öllum svarað. Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2003 voru:

19 Labradorhvolpar úr þremur gotum og 5 Goldenhvolpar úr einu goti.

Innflutningur

Innfluttir voru á árinu 2003:

Labrador retriever 8.

Flat-Coated retriever 1.

Golden retriever 1.

Starfsnefnd

Starfsnefndin hélt nokkra fundi á seinasta ári, voru nokkrar vangaveltur um prófstaði sem og prófin. Ákveðið var að hætta við próf á Hunkubökkum um verslunarmannahelgina og halda próf frekar nær höfuðborginni og þá um miðjan ágústmánuð.

Ákveðið var að veita alltaf viðurkenningarskjal fyrir allar einkunnir í BF og bikar fyrir besta hund í BF, OF og ÚVFL.

Verðlaunamál höfðu verið á reki en eru núna bókfærð og var jafnframt ákveðið að semja við Dyrheima um verðlaun.

Mikil umræða var um meistaramót fyrir retriever hunda og var ákveðið að halda mót seint á haustdögum. Framkvæmd mótsins var sett í hendurnar á dómurum og hafa þeir skilað drögum að sinni vinnu.

Ákveðið var að halda námskeið fyrir prófstjóra. Framkvæmd þessa námskeiðs verður á könnu dómaranna okkar.

Nokkur umræða var um bráð og voru menn sammála um að koma betra lagi á mótöku bráðar og þá sérstaklega mávs og verður mótaka hjá Sigurði Ben.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Labrador

23 HD myndaðir FRI: 17 HD: 6

21 ED myndaður FRI: 18 ED: 3

Golden

4 HD myndaðir FRI: 2 HD: 2

3 ED myndaðir FRI: 2 ED: 1

Curly-Coated

1 HD myndaður FRI: 0 HD: 1

1 ED myndaður FRI: 1 ED: 0

Flat-Coated

2 HD myndaðir FRI: 2 HD: 0

2 ED myndaðir FRI: 2 ED: 0

Chesapeake Bay

1 HD myndaður FRI: 1 HD: 0

1 ED myndaður FRI: 1 ED: 0

Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 31 retrieverhundur.

26 Labrador. Tvö tilfelli greindust af cararact, þar af eitt nýtt.

3 Golden og 2 Curly. Engin merki var um augnsjúkdóma hjá þeim hundum.

Bókin Til hamingju með hvolpinn

Deildin hefur í samráði við Dýrheima staðið fyrir útgáfu á bókinni til hamingju með hvolpinn.

Í bókinni sem er hugsuð sem handbók hundeigandans er að finna margt það sem hafa þarf í huga þegar hvolpur kemur inn á heimilið ásamt upplýsingum sem tengjast hundahaldinu alla æfi hundsins.

Stjórn retrieverdeildarinnar hefur ákveðið að bókin skuli gefin öllum nýjum hvolpæigendum retrieverhvolpa og bjóða þá þar með velkomna í deildina.

Heimasíða

Retrierverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem ýmsar upplýsingar eru til staðar um starfsemi deildarinnar ásamt fréttalista þar sem félagsmenn geta skráð sig á og fengið allar nýjustu fréttir.

Deildin hefur einnig eignast gagnagrunn sem vistaður er á heimasíðu deildarinnar. Í þessum grunni eru upplýsingar um árangur á sýningum, veiðiprófum og heilsufar. Mjaðmir, olnboga og augnskoðanir. Einnig eru upplýsingar um eigendur skv ættbók, ættartafla og ýmsar upplýsingar um gotsystkini hunds og got undan viðkomandi hundi.

Heimasíðustjóri okkar, Olgeir Gestsson, á veg og vanda að vinnu við grunninn sem mun auðvelda hinum almenna félagsmanni til muna að afla sér upplýsinga um einstaka hunda með tilliti til ræktunar, því að þarna eru samankomnar allar upplýsingar sem fylgja ættbók hundsins.

Logo

Á starfsárinu var logo deildarinnar samþykkt.

Merki þetta eru tveir hringir sem eru í bláum og rauðum lit með hvítan bakgrunn sem vísar til fánalitana. Milli þeirra er nafn deildarinnar og stofnár.

Í innri hringnum er mynd af tveimur hundum. Fyrir ofan þá eru tvær endur á flugi.

Sýningar

4 sýningar voru á starfsárinu.

Sýndir voru 69 Labrador, 21 Golden, 1 Chesapeake Bay og 1 Curly-Coated

Veiðipróf

7 veiðipróf voru haldin á starfsárinu og tóku alls þátt 63 hundar.

55 Labrador, 6 Chesapeake Bay og 2 Golden

Meistarar

Chesapeake Bay, ISCH Cheslabben Ultimaíð, eigandi Ingólfur Snær Jakobsson

Labrador, ISVCH Kolkuós Hrafninn, eigandi Hávar Sigurjónsson

Deildin óskar þeim til hamingju með árangurinn.

Retrieverámskeið hundaskóla HRFÍ

Á starfsárinu hafa verið haldin 3 retrievernámskeið, 2 byrjenda og 1 framhalds.

Alls voru þátttakendur 25.

Skapgerðarmat

Alls hafa á starfsárinu farið 4 retrieverhundar gengist undir skapgerðarmat.

3 Labrador og 1 Golden.

Veiðiprófsdómari

Nýr veiðiprófsdómari Margrét Pétursdóttir útskrifaðist á árinu, eftir að hafa lokið prófi hjá Jens Erik Sönderup síðasta sumar.

Deildin óskar Margréti til hamingju með áfangann.

Lokaorð

Mikil gróska hefur einkennt liðið starfsár innan deildarinnar og mörgu verið komið í verk þó margt sé enn óunnið. Því er að þakka því fólki sem er tilbúið að vinna fyrir deildina hvort heldur er í nefndum og stjórn eða á sýningum og veiðiprófum.

Mig langar að lokum að þakka þeim sem létu af störfum fyrir starfsnefndina á árinu fyrir störf þeirra og bjóða þá sem nýir koma inn velkomna. Einnig vil ég óska öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju með ósk um áframhaldandi gott gengi.